



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags

í landi Kotferju



Kristín Erla Þráinsdóttir
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
og Edda Linn Rise

Október 2005

2005/9

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráninga	3
Fornleifaskráning og aðferðir	5
Aðferð við skráningu	5
Jarðanúmer	5
Tegund, hlutverk og heiti	6
Lega	6
Staðhættir og lýsing	6
Hættumat	7
Heimildir	7
Saga jarðarinnar og fornleifar	7
Kotferja -166190-218	8
Saga	8
Náttúrufar og jarðabætur	10
Heimildaskrá	12
Munnleg heimild	13
Kotferja - fornleifaskrá	14
Niðurlag	21
Heimildaskrá	22
Myndaskrá	22

Inngangur

Fornleifaskráning Kotferju í Árnessýslu var unnin í október 2005 að ósk landeigenda. Um er að ræða deiliskráningu á jörðinni Kotferju sem er 44,3 hektara svæði. Á og við bæjarhólinn er áformað að íbúðarhús, bílageymsla, hesthús og skemma rísi. Á honum eru margar og greinilega tóftir. Bæjarhóllinn ber merki um langa búsetu á sama stað, hann er það eina sem stendur upp úr þegar stór flóð eru í Ölfusá.

Svæðið var gengið og allar minjar innan þess skráðar.

Páll Lýðsson sagnfræðingur og ábúandi Litlu- Sandvíkur og Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga voru heimildarmenn fyrir svæðið og var hjálp þeirra ómetanleg. Vettvangsvinnu unnu Kristín Erla Þráinsdóttir fornleifafræðingur, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise fornleifafræðinemar fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga þann 5., 7. og 17. október 2005.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunninn Sarp, sem að hluta er sérstaklega hannaður fyrir fornleifaskráningu.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Kort og loftmyndir eru birtar hér með góðfúslegu leyfi VS og Árborgar.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Kotferja -166190 , og í

öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 218 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Hallanda væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Kotferja 166190-218-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Halldórsvarða, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Saga jarðarinnar og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðarinnar og fornleifar er stiklað á stóru um sögu jarðarinnar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Kotferja -166190-218

Saga

Jörðin Kotferja stendur á bökkum Ölfusár og er hennar líklega fyrst getið í *Ferjumáldaga*. Ferjumáldaginn er frá því um 1200 en er varðveittur í Wilchins máldagabók frá árinu 1397.¹ „Þessi er ferju maldagi á olfus a. at þar liggr til land at ferju ok kyr .iij. engi teigr a straums nesi.“² Kotferja var í Kaldaðarnessókn. „Ferjustaðir yfir Ölfesá eru 2 í sókn þessari, árið 1847 er annar á Kotferju, og er hann lögboðinn, en hinn í Kaldaðarnesi.“³ „Lögferjur á Ölfusá vorum lengstum þrjár. Frá Óseyrarnesi og Laugardælum var ferjað allan ársins hring, en á Kotferju var eingöngu sumarferja.“⁴ Styttra var að róa og láta gripina synda yfir ána hjá Kotferju, jafnframt var minni straumur. Þegar tók að hausta og ána fór að leggja, varð aðstaðan mun erfiðari fyrir ferjumann, fyrir utan það að annan til þriðja hvern vetur flæddi áin yfir bakka sína á þessum slóðum.⁵ „Þeir sem at ferju bua eru skylldir at biarga skipi með ferju manni ef þarf ok fara óleigis.“⁶

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns ýtir undir þær tilgátur að ferjumáldaginn sé um Kotferju. „Skip er hjer og hefur verið að aldöðli á Ölfessá og almenningsfar, og á nú og hefur oftast átt þetta skip, sem hjer er brúkað til flutninga, Skálholtsstaður, og lætur annað til, þá annað fyrnist, en ábúandi vaktar skip og flytur, eður leggur mann í flutninga, og tekur alla ferjutolla, sem áður hafa miklir verið og að stóru gagni, en fer mjög til rýrðar, síðan ferjurnar fjölguðu á ánni.“⁷

Jafnframt kemur fram í *Jarðabókinni* sem er rituð um 1708 að: „[b]ænhús ætla menn hjer hafi áður verið í tíð Ögmundar biskups, [1521-1540] sem ráða er af gömlum brjefum, en ekki sjást hjer nú líkindi til.“⁸ Nafn Kotferju er getið í *fornbréfasafninu* frá 1529. Þann 7. maí það ár er sett saman sáttagerð um arfaskipti og eftirstöðvar vegna vígs Orms Einarssonar. Gjörningur sáttanna fór fram á bænum Kotferju.⁹

¹ *Diplomatarium Islandicum*. I. 1857, bls. 319.

² *Diplomatarium Islandicum*. I. 1857, bls. 319.

³ *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. 1979, bls. 66.

⁴ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 333.

⁵ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 333.

⁶ *Diplomatarium Islandicum*. I. 1857, bls. 319-20.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 106.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 104.

⁹ *Diplomatarium Islandicum*. IX 1899-1902, bls. 488

„Er Kotferja eitt hinna 13 lögbýla sem lengst voru í Sandvíkurhreppi og var jörðin aldrei talin til hjáleigna, hvorki frá Kaldaðarnesi né Sandvík.“¹⁰ Kotferja var þegar árið 1709 í eigu Skálholtskirkju og var til ársins 1788 er hún varð bændaeign.¹¹ „Kotferja var alltaf talin lögbýli og breytir nafnið Kot-ferja engu og því síður afbökun þess Ferjukot, nefnt í Manntalinu 1762.“¹²

Ljóst er af ábúendatölum að hefur jafnan verið mannmargt í Kotferju, árið 1703 bjuggu þar hjón með fimm börn.¹³ Tæpri öld síðar, samkvæmt *Manntalinu* 1801 bjuggu þar átta manns,¹⁴ en 45 árum síðar bjuggu í Kotferju hjón ásamt syni hennar og tveimum vinnuhjúum.¹⁵

Samkvæmt *Jarðabókinni* er jarðardýrleiki Kotferju óviss enda tíundaðist jörðin engum.¹⁶ Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld lx álnir áður fyrir einu ári, fyrir 10 árum i ④ [hundruð]. Næstliðið ár 0, nú xxx álnir. Betalast í landaurum hjer heima, og færast í Hróarholtsrjett, ef í fríðu geldst. Leigukúgildi ii í næstu 2 ár, áður iii. Leigan eftir annað kúgildi betalast í smjöri til Eyrabakkakaupstað. Leigan eftir annað geldst ekki, og ekki eftir hin tvö, þá iii voru, og eru munnmæli, að þessar leigur falli niður fyrir flutning fátækra yfir Ölvessá, sem stólinn skyldi að fornu fátækum til lagt hafa, og so hefur þetta verið um lánagan aldur. Kvaðir öngvar það menn vita að fornu eður nýju.“¹⁷

Jörð Kotferju var metin á 2,58 hundruð að fornu þótt hún væri talin vera lítil jörð eða um 25 ha, innan núverandi landamerkjja.¹⁸

Samkvæmt *Jarðatali á Íslands* frá árinu 1847 er dýrleiki Kotferju talin 10 1/3 hundruð, þá fylgdu jörðinni þrjú kúgildi.¹⁹ Árið 1891 er Ölfusárbrúin byggð og þá

¹⁰ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 1.

¹¹ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 1.

¹² Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981, bls. 333.

¹³ Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947, bls. 520.

¹⁴ Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978, bls. 222.

¹⁵ Manntal á Íslandi 1845. 1982, bls. 225.

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 105-6.

¹⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 105.

¹⁸ Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981, bls. 333.

¹⁹ Johnsen. J. 1847, bls. 62.

lognast ferjustaður Kotferju út af. Þar með féll traustasta stoðin sem var undir búskap Kotferju. Um 1908 má segja að byggðarsögu Kotferju ljúki, aðeins var þar stundaður heyskapur á sumrin. Árið 1913 eignast Guðmundur Þorvarðaron í Litlu - Sandvík býlið og leggur það í eyði²⁰ og var tún Kotferju nýtt frá Litlu –Sandvík langt fram eftir 20. öld eða til ársins 1981.²¹

Náttúrufar og jarðabætur

Eyðibýlið Kotferja liggur í lítilli kverk upp við Ölfusá, þar sem saman kom landmerki Sandvíkur og Kaldaðarness.²² „Elsta landlýsing Kotferju er ... í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er tekin var í Sandvíkurhreppi 1709. Þá hefur jörðin borið sex kýr, sautján ær, átján sauði, fimmtán lömb og fjögur hross. Hins vegar töldu jarðabókarmenn, að ekki gæti fóðrast á sjálfri jörðinni nema fjórar kýr og einn hestur.“²³ „Hvað sem meira er af kvikfé framfærast á tilfengnum högum og heyjum sumar og vetur.“²⁴ Um landkosti og hlunnindi segir í *Jarðabókinni*: „Torfrista og stúnga lök. Engjatak lítið á jörðin í Kaldaðarness landi í takmörkuðu plátsi, sem brúkast jafnlega, er þó langt til að sækja, en Kaldaðarnes hjer í mót skylduflutning fyrir heimamenn yfir Ölvessá á Kotferju. Skóg til kolagjörðar brúkar jörðin í almenníngi sem aðrar stólsins jarðir. Túninu grandar Ölvessá með jakaburði í leysíngum á vetur, sem spillir allvíða rótinni, so og spillist það af sandfoki. Engjar öngvar fyrir utan áður sagðar í Kaldaðarnesslandi. Landþröng er mikil, því gamlir máldagar segja, að Kotferja eigi land fyrir kú í hafti og hest í stokki, og því þarf ábúandi að kaupa eða fá til haga af öðrum jörðum, sjerdeilis Kaldaðarnesi, og hefur áður að fornu hjer fyrir goldist tollur, en nú ekki í margt ár. Hætt er kvikfje fyrir afætutjörnum og holgryfjulæk, sem nálægt er túninu. Kirkjuvegur og hreppamannaflutningur er torsóktur og stundum ófær á vetur, þegar að Ölvessá hleypur upp og rennur í kríngum bæinn og víða yfir landið, so menn kunna hverki að komast frá bænum nje til frá öðrum bæjum.“²⁵

²⁰ Ö-Kotferja. *Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*, bls. 1.

²¹ Lýður Pálsson. Október 2005.

²² *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 333.

²³ Ö-Kotferja. *Sandvíkurhreppur, Árnessýsla*, bls. 2.

²⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 105.

²⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 105-6.

„... Munnmælasögur og sagnir eldri manna herma, að Kotferjubóndi hafi rekið kýr sínar í haga niður á Kaldaðarnesmýri. Kotferjufjárhús standa ekki í landi jarðarinnar heldur í óskiptu landi Sandvíkurtorfunnar. Þá mun Kotferjubóndi hafa átt mótekju utan ár í Kirkjuferjulandi. Og selför má greinilega ráða af örnefnum, selið gat hvergi hafa verið annars staðar en í Ferjuseli við Kaldaðarnesveg. Snemma hefur þó sú selför lagst niður því Ferjusels er aðeins getið sem örnefni árið 1709.“²⁶ „Ferjusel heitir örnefni eitt hjer í landinu, og eru munnmæli, að hjer hafi Kotferja áður staðið, og síðan flutt þangað, sem nú stendur hún.“²⁷ Samkvæmt Páli Lýðssyni gæti Kotferjubærinn hugsanlega staðið á Ferjuseli, „þar eru hleðslur. Einnig finnast bæjarhleðslur á Hábeinsstaðaborg, miðja vegu milli Kotferju og Ferjusels. Það gæti þó aldrei hafa verið nema stutt, því ferjumaðurinn varð að búa nálægt sinni ferju.“²⁸

„Óvenju fá slys í Ölfusá hafa orðið hjá Kotferju. Annálar nefna aðeins eitt - en það var stórslys. Í júnímánuði 1627 drukknuðu 10 menn og ein stúlka á Kotferju. 1) Annar annáll nefnir reyndar ekki stúlkuna, aðeins „10 menn.“ 2) og meira er ekki vitað um þetta ferjuslys. Það hefur horfið í skugga annars skelfilegri atburðar sama ár, Tyrkjaránsins.“²⁹ Árið 1853 varð næsta slys við ferjuna en þá drukknuðu þrír menn.³⁰ Þann 20. apríl árið 1706 varð stór jarðskjálfti og hrundu niður 24 lögbýli ásamt mörgum hjáleigum. Þar á meðal var Kotferja en bærinn gjörféll gersamlega.³¹ Þegar *Fasteignabókin* var rituð árið 1932 var tún Kotferju sögð vera 2 ha.³² og voru þau nýtt að Litlu Sandvík. Í *Örnefnaskrá* um Kotferju er bæjarhúsunum lýst ásamt túnastærð. „Kotferja var langminnsta lögbýlið í Sandvíkurhreppi, tæplega mikið meira en 20-30 hektarar að stærð. Bæjarhúsin á Kotferju ber langhæst og bæjarstæðið sér er eitt hið besta í sveitinni. Grunnur undir timburíbúðarhúsinu, sem síðast stóð, [byggt 1908, var síðar rífið 1913 og flutt³³] sést enn mætavel. Sunnan og austan til við íbúðarhúsið var kálgarður allgóður. En baka til voru fjós og hlaða. Hefur hún verið djúp og rúmmikil og að sögn eldri manna hefur þetta verið ein fyrsta yfirbyggða heygeymslan austanfjalls, reist skömmu fyrir síðustu aldamót. Tók hún um 200 hesta.“³⁴

²⁶ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla, bls. 3.

²⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 106.

²⁸ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla, bls. 3.

²⁹ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla, bls. 4.

³⁰ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla, bls. 5.

³¹ Annálar 1400-1800. 1927-1932, bls. 361.

³² *Fasteignabók*. 1932, bls. 13.

³³ Páll Lýðsson, Október 2005.

³⁴ Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla, bls. 5.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum. 1927-1932 Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. I. 1857. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. IX 1899-1902. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Munnleg heimild

Páll Lýðsson. 5. október 2005.

Lýður Pálsson. 5. október 2005.

Kotferja - fornleifaskrá

Kotferja 1 166190 218 - 1

Sérheiti: Kotferja

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: X: 397707 Y: 382501

Skekkja: 4,5

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)


Staðhættir

„Austast í téðu hverfi [Kaldaðarneshverfi] eru Höskuldsstaðir, 60 faðma frá Kálfhaga [182376]. Bæjarleið þaðan frá í landnorður er Kotferja út við Ölfesá. Fylgir bær þessi nefndu hverfi.“ (Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. 1979, bls. 65.) „Kotferja liggur í lítilli kverk upp við Ölfusá þar sem saman koma landamerki Sandvíkur og Kaldaðarness.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981, bls. 333). „Bæjarhúsin á Kotferju ber langhæst og bæjarstæðið sér er eitt hið besta í sveitinni. Grunnur undir timburhúsið [byggt 1908], sem síðast stóð, sést mætavel. Sunnan og austan við íbúðarhúsið var kálgarður [4] allgóður. En baka til voru fjós [11] og hlaða [5].“ (Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.)

Lýsing

Bæjarhóllinn stendur hátt upp úr landslaginu í kring og er vel gróinn grasi. Í kringum hann er sendinn árburður Ölfusár. Á bæjarhólnum eru margar og greinilega tóftir. Bæjarhóllinn ber öll merki um langa búsetu á sama stað, enda er bæjarhóllinn það eina sem stendur upp úr þegar flóð eru í Ölfusá, þess vegna getur búseta á Kotferju ekki geta verið neins staðar annars staðar á jörðinni Bæjarhóllinn er 39 m langur frá norðri til suðurs og 45 m frá vestri til austurs.

Samkvæmt heimildarmanni var íbúðarhús á SV verðum bæjarhólnum. Vel sést móta fyrir dæld þar sem íbúðarhúsið hefur staðið áður. Dældin er ferköntuð um 6 m á lengd og 3 m á breidd. Á NV horni íbúðarhússins sést að steipt hefur verið ofan á hleðslu. Ekki sést í hleðslu á öðrum stöðum. Hleðslusteinarnir eru um tvö umför og mosavaxnir. Austan við dældina mótast fyrir kanti sem eru um 30 cm hár en ekki mótast fyrir hleðslusteinum í honum. Samkvæmt heimildarmanni



Mynd 1. Bæjarhóll Kotferju

var eldhús á suðvestan verðum bæjarhólnum, austan við dældina þar sem íbúðarhúsið stóð. Ekki sjást neinar hleðslur en dæld er á yfirborðinu sem myndar nokkurs konar ferhyrning og er um 4 x 5 m. Jafnframt finnst fyrir steinum rétt undir yfirborðinu.

Heimildaskrá

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843.

1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 2

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Horfin: Já

Staðhættir

„Bænhús ætla menn hjer hafi áður verið í tíð Ögmundar biskups, [1521-1540] sem ráða er af gömlum brjefum, en ekki sjást hjer nú líkindi til.“(Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 104.)

Lýsing

Við vettvangskonnnun fundust engar minjar um bænhúsið, og Jarðabókin gefur ekki upplýsingar um staðsetningu þess.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Kotferja 1 166190 218 - 3

Hlutverk: Ferja

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 398114 Y: 382976

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Ferjustaðurinn er rúmum 100 m SV af Ferjustekknunum [10]. Þar eru nokkrir vogar á árbakkanum en þaðan fór ferjan yfir ána. Þaðan er fremur stutt yfir á nyrðri árbakka Ölfusár. „Í útsuður frá Stekkjartúninu og Stekknum var Ferjukofinn á allgóðum hraunrima, og sjást þess nú þessi síðustu merki um ferjustaðinn á Kotferju ver með ári hverju. Vík er í ána beint fyrir neðan Ferjukofann, var það ferjustaðurinn...“(Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 6.) Ferjumáldaginn er frá því um 1200 en er varðveittur í Wilchins máldagabók frá árinu 1397. (Diplomatarium Islandicum. I. 1857, bls. 319.) „... Þeir, sem fóru þar yfir ána, en þar var fjölfarinn og löggiltur ferjustaður, voru einkum úr efir hluta Flóans, frá Stokkseyri eða Eyrarbakka og fóru þá beina leið upp í Sandvíkur eða Kaldaðarneshverfi og þaðan að Kotferju. Þegar yfir

ána var komið, lá leiðin að Kirkjuferju, yfir vonda mýri og þýfða mjög út að Bakkárhólts og Gljúfurholtsám og þaðan út í Kamba.“ (Jón Pálsson. 1946. Austantórir II, bls. 131.)

Lýsing

Mikill sandur er á árbakkanum sem er mjög aflíðandi og lágur. Lítill gróður vex þar en meiri gróður er fjær árbakkanum, og landið hækkar lítið eitt. Ekki sést móta fyrir neinum minjum á svæðinu.

Heimildaskrá

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. I. 1857. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Jón Pálsson. 1946. Austantórir II. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 4

Sérheiti: Kotferja

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 397732 Y: 382503

Skekkja: 4,5

Lengd: 96 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Sunnan og austan við íbúðarhúsið [1] var kálgarður allgóður.“ (Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.) Kálgarðurinn er um 2 m frá SA horni hesthússins [5].

Lýsing

Kálgarðurinn er vel sýnilegur og standa hleðslur um 0,5 m upp úr jörðu þar sem þær standa hæst. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti. Við norðurhlið garðsins er hólfi 5 m á lengd og 3 m á breidd, hugsanlega hefur þar verið heygarður. Garðurinn liggur 20 m í NS beygir svo í AV um 41 m, beygir svo aftur í NS um 25 m og beygir á ný í AV um 10 m, þar er kálgarðurinn um 2 m frá miðjum vesturhluta bæjarhólsins. Kálgarðurinn er mis breiður en breiðastur er hann um 4 m.



Mynd 2. Kálgarður Kotferju

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 5

Sérheiti: Kotferja

Hlutverk: Hlaða, Fjós, Hesthús

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: X: 397709 Y: 382510

Skekkja: 4,5

Hleðsluhæð: 1,5 m

Lengd: 8 m

Breidd: 2,5 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Bæjarhúsin [1] á Kotferju ber langhæst og bæjarstæðið sér er eitt hið besta í sveitinni. Grunnur undir timburhúsið, sem síðast stóð, sést mætavel...baka til voru fjós og hlaða. Hefur hún verið djúp og rúmmikil og að sögn eldri manna hefur þetta verið ein fyrsta yfirbyggða heygeymslan austanfjalls, reist skömmu fyrir síðustu aldamót [1900]. Tók hún um 200 hesta.“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.) Á norðurhluta bæjarhólsins eru mjög greinilegar þrjár tóftir. Samkvæmt heimildarmanni voru þar hlaða, fjós og hesthús.

Lýsing

Tóftir hlöðunar eru NV megin á bæjarhólnum. Innanmál hennar er um 8 x 4 m og er hleðsluhæð um 1 m. Veggir standa vel og eru grónir en þó sér í hleðslu á stöku stað. Inngangur er greinilegur á suðurhlið. Inngangengt hefur verið í fjós sem liggur samsíða í suðurátt. Fjósið stendur fast við hlöðuna og hefur hugsanlega verið sambyggt. Innanmál fjóssins er 8 m á lengd og 2,5 m á breidd. Hæð veggja er um 1,5 m og sést í hleðslur á



Mynd 3. Hlaða Kotferju

norðurgafli. Veggir standa grónir og eru þeir hlaðnir úr torfi og grjóti.

Hlaðan og fjósið hafa verið grafin niður í norðurhluta bæjarhólsins. Norður af fjósi er tóft sem samkvæmt heimildarmanni var hesthús. Hæð veggja í hesthúsinu er mest 1,5 m en norðurveggur sem snýr að Ölfusá er mjög ógreinlegur. Innanmál þess er ferkantað eða 4 m á lengd og 4 m á breidd. Inngangur hefur snúið í norður. Veggir eru grónir og hlaðnir úr torfi og grjóti, en veggir hafa hrunið að einhverju leit inn í tóftina.

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 6

Sérheiti: Vaðið

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397760 Y: 382411

Skekkja: 4,5

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Staðhættir

Vað á Kotferjulæk er “ [í] hásuður frá Kotferjubæ er Vaðið yfir lækinn; er það nú ekki notað lengur, síðan hætt var að reiða hey á hestum, en rétt ofan við hylinn fyrir ofan Vaðið mun hafa verið brú [7] yfir lækinn á síðustu búskaparárunum þar.“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 6.) Vaðið er í Kotferjulæk á því svæði þar sem lækurinn er grynstur, beint suður af bæjarhól Kotferju.

Lýsing

Bakkarnir eru við vaðið, bæði brattir og háir eða um 3 m hæst. Hvorum megin, neðst við árbakkann er víða á svæðinu lítið flatlendi, Þó ekki breiðara en innan við tug metra. Gróður er minnstur niðri við árbakkann annars einkennist gróður af grasi og lyngi. Um 20 m austur af vaðinu, þar sem lækurinn tekur sveig í norður var brúin [7].

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 7

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397825 Y: 382415

Skekkja: 4,5

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Í hásuður frá Kotferjubæ er Vaðið [6] yfir lækinn; er það nú ekki notað lengur, síðan hætt var að reiða hey á hestum, en rétt ofan við hylinn fyrir ofan Vaðið mun hafa verið brú yfir lækinn á síðustu búskaparárunum þar.“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 6.) Brúin var yfir Kotferjulæk þar sem lækurinn tekur sveig í norður eftir að hafa legið u.þ.b. í AV, þar sem vaðið [6] var. Brúin var um 20 m austur af vaðinu, og um 50-100 m SA af Kotferju.

Lýsing

Engar leifar eru eftir af brúnni en sennilega hefur hún verið yfir lækinn þar sem hann liggur NA SV, þar er lækurinn dýpri en við vaðið [6] og sömuleiðis mjórri. Á því svæði eru bakkarnir jafn háir hvoru megin lækjar eða um 3 m á hæð.

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 8

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Horfín: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

Reiðvegur var heim að Kotferju þar sem farið var yfir Vaðið [6] og brúna [7]. (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.)

Lýsing

Ekki sjást nein ummerki um leið þessa, en á svæðinu eru nú slétt tún.

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 9

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Horfín: Já

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Annar reiðvegur heim að Kotferju var ofan frá ferjustaðnum og um Kotferjuhraun austanvert. Var þá komið heim á tún, þar sem núna er túnhliðið.“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.)

Lýsing

Ekki sáust nein grein ummerki um leið þessa en á svæðinu liggur kindaslóð sem enn er nýtt í dag og gæti hugsanlega verið á svipuðum slóðum og leiðin var.

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 10

Sérheiti: Kotferjustekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 398222 Y: 382990

Skekkja: 4,5

Þvermál: 6 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Kotferjuhraun nær austur fyrir Álaflóð, smátjörn fyrir ofan Kotferjutjörn. Austurlandamörk Kotferju eru einmitt úr norðurenda Tjarnarinnar í Álaflóð í Ölfusá. Á þessum landamörkum liggur einnig Kotferjustekkur sem mjög er nú fallinn. Hann var austast á Stekkjartúninu...“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.)
Stekkurinn er um 100 beint suður af Ölfusá og um 500 m NA frá Kotferju.

Lýsing

Kotferjustekkur var lítill hóll um 2 m hár og 6 m í þvermál. Umhverfið einkennist af hraungrýti, mosa og lyngi. Víða sér í hleðslu sem gerð er úr flötu, þykku hraungrýti. Mest sjást fögur umför grjóts. Lögun stekksins sést ekki en veggjabrotin mynda enga heilstæða mynd. Mest nær hleðslan tveimur metrum og



Mynd 4. Kotferjustekkur

liggur þar AV og svo NS og hæst er hleðslan hálfur metri.

Stekkurinn er gróinn sama gróðri og umhverfið í kring en þó hefur gróðureyðing orðið á þessu svæði og sömuleiðis á stekknunum.

Heimildaskrá

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 11

Sérheiti: Kotferja

Hlutverk: Skemma

Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 397696 Y: 382507

Skekkja: 4,5

Lengd: 4 m

Breidd: 4 m

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Nýbygging

Heimildamaður: Páll Lýðsson (0710362009)

Staðhættir

„Bæjarhúsin [1] á Kotferju ber langhæst og bæjarstæðið sér er eitt hið besta í sveitinni. Grunnur undir timburhúsið, sem síðast stóð, sést mætavel.“ (Ö-Kotferja. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla, bls. 5.) Samkvæmt heimildarmanni var skemman vestan megin við íbúðarhúsið [1].

Lýsing

Skemman er mun neðar en íbúðarhúsið og

hefur af öllum líkindum verið niðurgrafin.

Skemman hefur verið ferköntuð eða 4 m á

lengd og 4 m á breidd og er hleðsluhæðin um 1 m. Skemman snýr í NS og eru dyr í

vestur. Við dyrnar mótar fyrir hleðslusteinum, jafnframt er mikið hrun ofan í skemmuna. Veggirnir eru úr torfi og grjóti og eru um 1,5 m á breidd.

Heimildaskrá



Mynd 5. Skemma Kotferju

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði..
Örnefnastofnun, Reykjavík.

Kotferja 1 166190 218 - 12

Hlutverk: Búr

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397707 Y: 382501

Ástand: Ómetið

Horfín: Já

Staðhættir

20. apríl 1706 varð harður jarðskjálfti fyrir ofan fjall sem olli miklum skemmdum. Í Kotferju féll búið, varð kona þar undir og lést. (Annálar 1400-1800. Vallaannál.bls. 474.)

Lýsing

Í annálum kemur nánari staðsetning búrsins ekki fram, og minjar þess fundust ekki við vettvangsrannsókn.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum. 1927-1932 Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Niðurlag

Deiliskipulagssvæðið nær yfir alla jörð Kotferju. Við vettvangsrannsókn á deiliskipulagssvæðinu voru skráðar 12 minjar, þar af eru sex minjar sýnilegar. Í og við athafnasvæðið eru fimm minjar í **beinni hættu** vegna fyrirhugaðra framkvæmda: Bæjarhóllinn, útihúsin, kálgarðurinn, skemman og vaðið. Við að búseta hefjist að nýju á Kotferju eru fornleifar í mun meiri hættu en ella og því mikilvægt að fornleifaskráning sé höfð til viðmiðunar við allar framkvæmdir. Kotferju er fyrst getið í heimildum frá því um 1200 og má því búast við að töluverðar minjar leynist neðanjarðar. Sérstaklega á það við um bæjarhólinn. Fornleifarannsókn er því nauðsynleg ef að farið er í framkvæmdir á og við hólinn.

Þess ber að gæta að minjar gætu leynst undir yfirborðinu þótt þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posteriorum sæculorum. 1927-1932 Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. I. 1857. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Jón Pálsson. 1946. *Austantórur II. Víkingsútgáfan*, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Ö-Kotferja, Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. (Ártal vantar). Páll Lýðsson skráði.. Örnefnastofnun, Reykjavík.

Myndaskrá

Forsíðumynd. Hlaða, fjós og hesthús Kotferju með Ingólfsfjall í baksýn. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 5. október 2005.

Mynd 1. Teikning af bæjarhól Kotferju. Teikning: Kristín Erla Þráinsdóttir. 7.október 2005.

Mynd 2. Kálgarður Kotferju. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 5. október 2005.

Mynd 3. Hlaða Kotferju. Ljósmynd: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 5. október 2005.

Mynd 4. Kotferjustekkur með Ölfusá og Kögunarhól í baksýn. Ljósmynd: Edda Linn Rise. 17. október. 2005

Mynd 5. Skemma Kotferju. Ljósmynd: Kristín Erla Þráinsdóttir. 7. október 2005.